

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur vegna opnunartíma veitingastaða.

Skipulagsstofnun staðfesti, 18. desember 2018, óverulega breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem samþykkt var í borgarráði 1. nóvember 2018.

Í breytingunni felst að til álita getur komið að víkja frá almennum viðmiðum um opnunartíma veitingastaða og vegna tækifærisleyfa. Bætt er neðanmálstexta við töflu 2 á bls. 221 varðandi opnunartíma og ákvæði um útgáfu tækifærisleyfa í kaflanum um landnotkun á bls. 220.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 18. desember 2018.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 7. janúar 2019